Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 10

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir endurgoldnar skuldir utanbæjar-þurfamanna 1906.

| | | | Kr. | Au. |
|---|---|---|---|---|
| +1. | Guðrún Ásmundsdóttir, Leiluhreppi | Kr. | 39 | " |
| +2. | Guðlaug Guðmundsdóttir, Rosmhvalaneshr. | " | 222 | 25 |
| +3. | Jón Eyjólfsson, Ytri Akraneshreppi | " | 40 | " |
| +4. | Jón Einarsson, Hvítársíðuhreppi | " | 40 | " |
| —5. | Jón Guðmundsson, Borgarfjarðarhr. | " | 60 | " |
| +6. | Guðrún Magnúsdóttir, Vatnsleysustr. hr. | " | 30 | " |
| +7 | Kristmundur Jónsson sama hr. | " | 23 | 56 |
| +8. | Þórður Bjarnason, Akraneshreppi | " | 40 | " |
| +9 | Ásbjörn Sveinsson, Villingaholtshreppi | " | 65 | " |
| +10 | Þórunn Ingimundardóttir, Rosmhvalaneshr. | " | 64 | " |
| +11 | Guðmundur Guðmundsson, Landmannahr. | " | 40 | " |
| +12 | Sigurður Ólafsson, Miðneshreppi | " | 15 | " |
| +13 | Ólöf Þorkelsdóttir, Stokkseyrarhreppi | " | 3 | " |
| +14 | Jón Jónsson Fljótshlíðarhreppi | " | 23 | 80 |
| +15 | Þuríður Magnúsdóttir Seyðisfjarðarhr. | " | 45 | 25 |
| +16 | Ragnhildur Magnúsdóttir, Hálshr. | " | 80 | " |
| +17 | Sigurður Jónsson, Vestur-landeyjahr. | " | 169 | 35 |
| +18 | Þóra Björnsdóttir, Kjalarneshreppi | " | 168 | 36 |
| | Samtals | Kr. | 1168 | 57. |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 10. janúar 1907.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 22 d. januar mán. 1907.

22/1. 07. Sent bæjargjaldkera, og lagt fyrir hann að senda upphæðina með 1ˢᵗᵘ ferð til Stiftamtmannsins.

Um leið og jeg sendi með brjefi þessu reikning frá geðveikrastofnuninni í Vordingborg að upphæð Kr. 121,50 a fyrir veru Þorsteins Pálssonar þar frá 1/1 – 31/3 f. á., vil jeg mælast til að hin heiðraða fátækranefnd sjái um að reikningsupphæðin verði greidd úr fátækrasjóði við fyrsta tækifæri. —

Halldór Daníelsson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 24/1. 07.

Kr. Sigurd. 24/1. 07.

Þar sem jeg undirritaður
hef ekki fengið goldna húsaleigu
eptir 2 mánuði. Ágúst og September 1905
að upphæð 13 kr. (þrettán krónur)
frá Hr Arna Jóhannessyni —
leifi jeg mjer. að fara þess á leit
við háttvirta fátækra nefnd
Reykjavíkur, hvort hún vilji
ekki svo vel gjöra og borga mjer
nefnda upphæð.

Þess skal getið að Hr Davíð
Jóhannesson hefur samið við mig
um húspláss handa nefndum Arna
frá síðast liðnum 14 Maí, til
14 Maí næstkomandi fyrir á
kveðið verð, 7 kr. (sjö krónur) um
mánuðinn. og vil jeg spirja hina
háttvirtu fátækra nefnd. hvort
hún hafi ekki verið því —
samþykk —

til 1. okt. ekki
þó 6,50 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bókhlöðustíg 6 A.
Reykjavík, 23/1 07
Virðingarfyllst
Sigurður Guðmundsson

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 24/1.07. – Fátækr.
24/1.07. skr. Rannv. Giss.

Reykjavík 24/1 1907

Hjer með leifi ég mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu Fátækranefnd Reykjavíkur hvort hún vilji ekki leigja mjer ~~(leigja)~~ eins og að undanförnu kálgarða á Litlabæarlóð í Skuggahverfi yfirstandandi ár ef hún ekki ráðstafar henni uppá annan máta.

Rannveig Gíssursdóttir

Hverfisgötu. 13.

R. hefir hann í fyrra.
10 kr. leiga. —

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 10/1. 07.
Bj. J.

frameesent.
~~Salernið kostar kr. 49,19 au.~~

**Heilbrigðisfulltrúi Reykjavíkurkaupstaðar**

*Reykjavík* 8. *dag* jan. *mán.* 1907

Á húseigninni ~~nr.~~ ~~við~~ Kasthús er það aðfinsluvert samkvæmt heilbrigðissamþykt bæjarins 24 gr., að

salerni vantar.

Fyrir því er hérmeð lagt fyrir yður að gera það til umbóta, er hér segir:

Að láta gjöra salerni við húsið

og skal því lokið ~~á~~ ~~fresti.~~ fyrir 18. þ. mán.

A. Zimsen.
heilbrigðisfulltrúi.

Til formanns fátækranefndar Reykjavíkur.

*Isafoldarprentsmiðja*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 10/1. 07.
Bj. J.

**Heilbrigðisfulltrúi Reykjavíkurkaupstaðar**

---

*Reykjavík* 8. *dag* jan. *mán.* 1907.

Á húseigninni nr. 9 við Hverfisgötu er það aðfinsluvert samkvæmt heilbrigðissamþykt bæjarins 24 gr., að

Salerni vantar.

Fyrir því er hérmeð lagt fyrir yður að gera það til umbóta, er hér segir:

Að láta gjöra salerni við húsið

og skal því lokið ~~á~~ ~~fresti~~. fyrir 18. þ. m.

K. Zimsen
heilbrigðisfulltrúi.

Til formanns fátækranefndar Reykjavíkur.

*Isafoldarprentsmiðja*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 14/2. 07.

LANDLÆKNIRINN
14. febr. 1907
Á ISLANDI

Á heimili Þórðar Bjarnasonar, Hverfisgötu 21, er þannig á statt: Maðurinn mjög drykkfeldur, lá lengi í vetur í Laugavegi, fór þegar að drekka, er hann kom heim, og er nú aftur í sjúkrahúsinu; konan heilsulaus og komin að falli; 2 börn heima, 4 og 7 ára.

Jeg tel brýna nauðsyn að þess fjölskylda sje tekin upp, konunni komið fyrir og börnunum, en manninum burtu úr bænum ef kostur er.

G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29/12. 06. Stj. Brún. – fundar 13/12. 06. – frestað.
fundi 27/12. 06. –

Eins og sumum hinna heiðruðu fátækrafulltrúa mun vera kunnugt, hefi jeg í meir en heilt síðastliðið ár verið veikur af taugaveiklun, og frá 10. degi síðastliðins marzmánaðar allt fram að þessum tíma ekkert getað unnið, og af því jeg er blá-fátækur maður, hefi jeg nýlega neyðst til að biðja um styrk af fátækrasjóði til uppeldis 2 ungum börnum, sem jeg á.

En nú er heilsa mín dálítið að batna, þó hægt fari, svo að jeg nú mundi geta unnið að hægri bakaraiðn, – sem jeg hefi lært – ef jeg ~~ef jeg~~ hefði til þess hentugan, lítinn bakaraofn úr járni, sem baka mætti í allskonar smá-brauð, og ef jeg ætti hann, hefi jeg von um að jeg mundi framvegis geta alið önn fyrir lífsframfæri mínu og barna minna. En því miður hefi jeg af eigin rammleik engin ráð til þess að geta eignast slíkan ofn, sem mundi kosta með tilheyrandi verkfærum 3 til 450 kr. og þessvegna dirfist jeg hjer með auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækra-sjóði 450 kr. lán til þess að geta eignast slíkan bakaraofn, og ofurlítið verkefni til að byrja með. Þetta lán vil jeg skuldbinda mig að endurborga svo fljótt sem efnahagur minn og kringumstæður gjöra mjer það mögulegt. Jeg skal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfa mjer að benda á að múrari Stefán Egilsson í Suðurgötu 13 hefir þesskonar ofn til sölu, sem mjer væri mjög hentugur, og væri mjer mjög kært að fátækra stjórnin vildi semja við hann um kaup á þeim ofni og borga honum hann fyrir mína hönd, og fá hann til að setja hann upp í Hverfisgötu Nr. 30, því eigandi þess húss hefir gefið mjer ádrátt um hentugt húsnæði þar fyrir verkstæði (bakarí), ef hann fái að vita það um næstu helgi. Þessi ofn Stefáns, sem jeg álít góðan, hefir þann kost, að ef jeg fengi hann mundi jeg nú þegar geta byrjað að starfa að smábrauðgjörð; en ef ofn yrði að panta frá útlöndum mundi hann ekki geta komið hingað fyrr en í febrúar eða marz næsta ár, og þá væri ef til vill húsnæðið í Hverfisgötu ófáanlegt, en þann stað álít jeg vera mjög hentugan fyrir brauðgjörð og útsölu á brauðum.

Jeg treysti hinni háttvirtu fátækrastjórn til að gjöra í þessu efni það sem hún bezt getur, og svo fljótt sem unnt er, því mig langar til að geta starfað mjer og börnum mínum til heilla, og vona að mjer geti tekizt það á framangreindan hátt, ef heilsa mín heldur áfram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að batna, því jeg er að eðlisfari starfsamur og alls enginn óreglumaður, og neyti einkis áfengis.

Nýjabæ í Reykjavík, 12. desember 1906.

Með auðmykt og virðingu.

Björn Jónsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 13 d. febrúar mán. 1907

Með brjefi hinnar heiðruðu fátækranefndar, dags. idag hef jeg meðtekið 30 kr. sem Benedikt kl. Benediktsson skósmiður fjekk úr fátækrasjóði f. á., og veitist hjermeð viðurkenning fyrir greiðslunni. —

Halldór Daníelsson. —

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 14/2. 07.

Reykjavík 29 Januar 1907

Herr fátækrafulltrúi Kristjan asserson,

Þá sem jeg neidist til en á ny ad bidja ydur um ad sjá til þess ad eg fá 25-35 kr styrk uppá hreppsmenn Þar Gudrún dóttir min hefur nú um langan tíma legid á Spitalanum og nú á Hún ad koma heim og á hún ad hafa gott fædi en jeg er fátæt og hef ekki nema ad skornum skamti handa mjer og get því ekki tekid vid henni nema ad fá minst 25k. þetta vona eg ad eg fái med ydar hjálp hid allraa fyrsta ad ördu leitti get eg ekki tekid vid henni

Virdingarfylst

Þórunn Ingemönders dóttir

Bráttugötu N 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/2. 07.

Þar eð sjúklingurinn Halgerður Gróa Guðmundsdóttir er komin heim aptur af Landakotsspítalanum 27 jan. s. l. 07. Og eptir læknis skipun þarf að hafa nýjan mat, svo sem nýtt kjöt nýjan fisk og nóga mjólk og góða umhirðingu í öllu tilliti hana áhrærandi. Er það því bón mín til hinnar heiðruðu Fátækranefndar bæjarins að láta mig fá í það minsta 15 kr. um mánuðinn fyrst um sinn, svo jeg geti betur veitt henni það sem hún á að hafa, þar jeg af mínum ástæðum er ekki fær um að gjöra það nú orðið.

Efrivegamótum 14 febrúar 1907.
Virðingarfyllst
Jóhannes. Oddsson.

Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 28/2. 07. –

Tryggvi Gunnarsson.

Reykjavík 28 febr 1907

(Lars Johan Knudsen). –

Síðan 5 nóv. f. á. hefi jeg borgað fyrir norskann sjómann, sem liggur í tæringu á Landakots-spítala. Jeg hef spurt sjómannafjelög hjer hvort þau vildu taka þátt í þeim kostnaði, en þau hafa þverneitað, vil jeg þá ekki lengur borga kostnaðinn einn, og sje því ekki annan veg, en að snúa mjer til fátækrastjórnar Reykjavíkur bæjar, og skora á hana, að taka við manni þessum frá 1 marz. þ. á., þegar jeg hætti að borga missir maðurinn spítalavistina, en líklega á hann ekki langt eptir

Með mikilli virðingu
Tryggvi Gunnarsson

Til
Fátækrastjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendur 28/2. 07.

Sökum langvinnrar og sívaxandi drykkjuskaparóreglu manns míns, prentara Gunnlaugs Oddsens Bjarnasonar, var hjónasambúð okkar orðin svo, að eigi var lengur viðunandi, og þess vegna fengum við hinn 16. janúar þ. á. löglegt leyfisbrjef bæjarfógetans fyrir skilnaði að borði og sæng. Í þessu leyfisbrjefi er það tekið fram, að nefndur maður minn er skyldaður til, og undirgekkst, að greiða mjer framvegis til framfæris mjer og 4 börnum okkar 12 krónur á viku á hverjum laugardegi, fyrsta sinn laugardaginn 19. janúar þ. á. – Þessar upphæðir greiddi hann skilvíslega laugardagana 19. og 26. f. m., og 2. og 9. þ. m. En hinn 16. þ. m. fjekk jeg frá hans hálfu aðeins 6 krónur. Og þann dag fór hann með póstskipinu „Laura" til útlanda, án þess að kveðja mig eða börn okkar, eða gjöra neina ráðstöfun til þess að jeg gæti fengið neitt til framfæris mjer og börnum okkar frá hans hálfu, og skildi okkur þannig eptir allslaus. Hvort hann kemur nokkurntíma aptur hingað til landsins, eða getur á nokkurn annan hátt nokkurntíma sent mjer nokkurn styrk til framfæris börnum okkar er óráðin gáta, sem jeg ekkert get sagt um.

Í þessum vandræðum mínum er jeg knúð til að leita hjálpar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar og auðmjúklega að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

biðja hana að annast um að mjer verði nú þegar og framvegis veittur af fátækrasjóði bæjarins nægilegur styrkur til þess að jeg og börn mín getum framdregið líf okkar neyðarlítið. –

Hið elzta barn mitt heitir Aróra, og er 6 ára gömul, hið næsta heitir Sigfús, og er 3 ára; svo er Ingibjörg 2 ára, og hið fjórða heitir Hjalti, sem nú er 10 mánaða gamall; og auk þess er jeg ólétt að 5. barni okkar, sem jeg býzt við að fæðist á næstkomandi sumri.

Með því að jeg nú þegar er allslaus og bjargþrota, en verð að hafa vinnukonu eða unglingsstúlku til þess, ásamt mjer, að annast um barnahóp minn og heimili, verð að borga húsaleigu og fleira, en get, eins og nú er ástatt heilsufari mínu, mjög lítið unnið mjer inn, sje jeg ekki að jeg geti komizt neyðarlítið af með minni upphæð en þá, sem maður minn, samkvæmt skilnaðargjörðinni, átti að greiða mjer, 12 krónur á viku, eða sem svarar allt að 50 kr. á mánuði. Jeg veit að þetta er mikið fje, en mig langar innilega til að hafa sjálf umönnun og umsjón yfir börnum mínum, svo framarlega sem þess er auðið. Jeg dirfist að vænta þess og óska, að hin háttvirta fátækrastjórn auðsýni mjer svo mannúðlega hjálp sem föng eru á í þeim bágu kringumstæðum, sem jeg nú er í, og ráði fljótt og vel bót á mínum örðugu kjörum.

Vatnsstíg 10 í Reykjavík, 23. febrúar 1907.

Auðmjúklegast.

Fillippía Jónsdóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

Filipp[...]
Bið[...]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Filippía hefur verið talsvert lasin að öðruhverju; hefur fengið blóðspýju. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. dag marts mán. 1907.

Með heiðruðu brjefi yðar herra fátækranefndarformaður, dags. 6. þ. m. hefi jeg meðtekið 10 kr. sem endurgjaldi frá Pjetri Þórðarsyni, Grettisg. 35 uppí 40 kr. lán úr fátækrasjóði 11. febr. 1905 og veitist hjermeð viðurkenning fyrir greiðslunni. —

Halldór Daníelsson.

Til

Formanns fátækranefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. dag marts mán. 1907.

Með heiðruðu brjefi yðar herra fátækra-nefndarformaður, dags. 6. þ.m., hefi jeg meðtekið 5 Kr. sem greiðslu í fátækrasjóð frá Helgu Magnúsdóttur upp í meðlag með óskilgetnu barni hennar og Jóhannesar Proppé, og veitist hjermeð viðurkenning fyrir greiðslunni.—

Halldór Daníelsson

Til
Formanns fátækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá fátækranefnd Reykjavíkur hef jeg meðtekið 10 kr., er Helga Magnúsdóttir hefur greitt uppí meðlag með barni Jónínu, óskilgetinni dóttur hennar og Jóhannesar Proppé.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 23. nóv. 1906.

Halldór Daníelsson.

---

4/3.'07. Ennfremur borgað af H. M. 5 Kr. K. J.

6/3.07. Sent bæjarfógeta þessar 5 Kr. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 14/3. 07
14/3. 07. Úr. Páll Arnas.

Reykjavík 11. marts 1907.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur að sjá um að mjer verði borgud húsaleyga fyrir Bjarna Þórðarson sem liggur í húsi mína № 42. við Skólavörðustíg frá 1a. febrúar til 14. maí næstkomandi, sem jeg á rjett á að fá samkvæmt kaupsamningi dagsettum 13. febrúar 1907. sem var að sögn húseigandans fyrir og umboðsmanns hans 7 krónur um hvern mánuð, verður það samtals 24. krónur 50 aurar

En fremur húsaleiga frá 1a mars til 14 maí næstkomandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir 2 suðurherbergi á sama lopti sem óleygð standa vegna þess að nefndum Bjarni er hinsvegar leyggjandi, sem á list af öllum sóðaskap og á hirðu óverandi ná[illegible] og standa þessvegna óleygð. og er húsaleiga fyrir þau bæði herbergi 8 krónur um mánuðinn um veturinn samtals 20 krónur eða alls til samans 44 kr 50 aur. En aptur á móti sleppi jeg að gjöra kröfu til skaðabóta fyrir því sem hann hefur eiðilagt húsið, til dæmis brotið í öldi hurð og klæða yfir loptstiga 9. þ.m.

Taki hin heiðraða fátækra stjórn ekki til greina í heild sinni nefndar húsaleygu kröfur, krefst jeg þess að nefndin hirði margnefndan Bjarna með öllu því sem honum til heyrir ekki seinna en 16 þ.m. því þá mundi jeg geta ennþá fengið fólk í herbergin til 14. maí næst komandi og að þið þá sjáið mjer fyrir húsaleygu fyrir hinn liðna tíma sem mjer bæri sam[illegible] kvæmt áður gerðum kröfum

Virðingarfyllst

Páll Árnason

Skólavörðustíg 8.

Til
fátækranefndarinnar í
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

fundur 11/4. 07.
12/4. 07. svar. bæjarfógeta.

Reykjavík, 15. dag marz mán. 1907.

Um leið og jeg sendi hinni
/. heiðruðu fátækranefnd meðfylgjandi skjöl snertandi sveitfesti Elinborgar Jacobsen, mælist jeg til að mjer verði send yfirlýsing nefndarinnar um það hvort hún, að athuguðum skjölum þessum, viðurkenni, að nefnd Elinborg Jacobsen sje sveitlæg hjer í bænum.

Fylgiskjölin bið jeg mjer endursend með svarinu.

Halldór Daníelsson

Til
fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 11/4.07. —
— ◦ —

fundur 14/3.07. frestað. K. Þ.

Reykjavík 13.3 1907

Hjer með tilkinnist
fátækra nefnd. Reykjavíkur
bæar, að ~~framfær~~ fátækra barnið
Haraldur Sigurðursson

Nr 15
á ómagaskrá. —

sem hjer með er, get jeg ekki
haldið sökum heimilis á staða
mína til 14 maí næst
komandi,

með virðingu

Erlendur Jónsson

Bræðraborgarstíg 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 24/1. 07. Gudm. Þork.
fundur 18/2. 07.

Þar eg hefi áður farið fram á við Fátækranefndina að eg vildi sjá um verustað handa Ásu dóttir minni er sem er hjá Stefáni Jónssyni á Sellandi sem Fátækranefndin hefur lagt meðlag með. En nú er það vilji minn og það skilst mjer að nefndinni sje lika að eg útvegi barninu stað þar sem mjer bíðst hann fyrir utan meðgjöf, Eg sem móðir er trúverðug fyrir að velja barni mínu ekki verri stað en þann sem það er í, án þess eg lasti þann stað í nokkurn máta Nú, en fyrst eg hef vísan stað fyrir barnið meðgjafarlaust en nefndin gefur 80 krónur með því árlega, þá skil eg ekki annað en nefndinni þíki [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af Fátækrasjóðnum og þikist vera
viss um það, þar sem hefur komið
til orða að taka af mjer þær 10 kr
sem mjer hafa verið lagðar með
öllum mínum ómögum sem heyma
eru. En hvað því líður með mig
þá get eg ekki undirkastað mig
að missa þessar tíu krónur frá
mjer og þykist ekki geta betur gert
en þetta heitti barnsmeðgjöf af
bænum. En skildi svo vera að
Stefán vildi halda barnið hjer
eptir meðgjafarlaust þá er eg ~~svo~~
ekki frá að láta það eptir, en
uppá það að nefndin gefi með því
til hans þá er mjer það alveg mót
fallið. Eg hef fulla heymild að
láta barn mitt hvar eg vil á góðan
stað og þarf eg ekki að útskíra
það betur

virðingarfyllst

Njálsgötu 29 – 21 Januar 1907

Sigríður Bjarnadóttir
Ekkja

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 14/3. 07. – Dav. Joh.

Svarað 11/4. 07. –

13/3 je 07

Hér með læt jeg hina háttvirtu fátækra nefnd Reykjavíkur vita, að jeg leigi ekki Hr Árna Jóhannessyni kálbyrgðarann, lengur, enn til næst komandi 14 Maí.

Bókhlöðustíg 6 A
Reykjavík

virðingarfyllst
Sigurður Guðmundsson

Til fátækranefndar Reykjavíkur

hjá Margrjetu Guðmundsdóttur
Laufásvegi No 27,
5 kr. mánuðinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 22. d. nóvber mán. 1906

Útaf erindi hinnar heiðruðu fátækranefndar í brjefi dags. 3. þ. m. um að fenginn verði úrskurður á hendur Bjarna Guðmundssyni til meðlagsgreiðslu, til framfæris barni hans Kristjáni, og Sigríðar Rósu Kristjánsdóttur, vil jeg skýra nefndinni frá, að sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hefur 25. f. m. látið ganga úrskurð um að Bjarni þessi skuli greiða 40 kr. ársfúlgu með nefndu barni og greiðist hún 1. sinn 1. f. m. eptir á. Í dag hef jeg beðið sýslumanninn að innheimta og senda hingað fúlguna, sem fjell í gjalddaga 1. f. m. Kr. 40.— hjá barnsföðurnum.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem nú á heima á Þingskálum í Rangárvallahreppi, eða framfærslu-sveit hans, Holtahreppi, ef hann brestur fje.-

Halldór Daníelsson.

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendur 11/4. 07. Synjad.
13/4. 07. tilk. Einari.

Hjermed leifi eg mjer ad fara
þess á leit vid fátækranefnd
Reykjavíkur kaupstadar ad hin
heidrada nefnd veiti mjer leifi
til ad setjast ad í kaupstadnum
sem þurrabúdarmadur
af högum mínum er þad ad segja
ad eg er efna lítill og hef haft
mörg börn sem nú eru ad
mestu uppkominn
Vid hjönin vid góda heilsu og
allvel vinnandi og vona eg ad
mjer muni takast ad hafa ofanaf
fyrir mjer og mínum sem
þurrabúdarmadur í Reykjavík
Virdingarfyllst
Mýrarkoti á Álftanesi 1/3 1907
Einar Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svarið óskast sent að Laekjárkvaimni

Til Fátækranefndarinnar í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 25/4. 07. - Samþ.

Hjer með eru það virðingarfyllst tilmæli min við hina Heyðruðu Fátækranefnd að hún vildi svo vel gjöra og hækka meðlag mitt með 2 krónum að þar sem það eru 6 krónur um mánuðinn mættu verða 8 kr Eg verð að borga 3 kr i húsaleigu og finst því að hinar 3 kr hafi orðið mjer ónógar til Lífsviður væris Eg vona alt hins besta á næsta fundi

Virðingarfyllst

Hverfisgötu 28 - 22 April 1907

Jóhann Jónsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 25/4. 07. – Q. Q.

Hraðastöðum 15 abríl 1907

fundur 23/5. 07. –

Jeg undir skrifaður gef ykkur til kinna nefnilega hreppsnefndarmönnunum að jeg held ekki leingur Guðrúnu Friðriksdóttir en til næstu fardaga nema jeg fá 45 aura um hvern dag með henni

Magnús ~~son~~ Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12) 130 ( 10,83
12
100
96
40

365
45
1825
1460
16425

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundi 25/4. 07. – Bj. J. atg.

3/5. 07. Reikn. 21 kr. ávísaðar.

Reykjavík
24 april 1907.

Hjer með leyfi jeg mjer að senda hinni háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur, Reikning yfir húsaleigu Bjarna Þórðarsonar sem dvalið hefur í húsinu mínu № 42. við Skólavörðustíg samkvæmt tilkinningu formanns hennar í brjefi dagsettu 14. mars síðast liðin sem hljóðar þannig meðal annars „að þjer munuð eigi getað vísað Bjarna úr húsinu fyrir 14. maí úr því að trigging er fyrir því, að þjer fáið leiguna greidda til fulls fyrir þann tíma leiguársins, sem þjer hafið eignar umráð yfir húsinu!" En þar jeg hefi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir að hafa fengið þessa tryggingu
ekki inni í þann veg við nefndan Bjarna
eða hina háttvirtu fátækranefnd
að flytja úr húsinu fyrir 14. maí,
þá krefst jeg þess að fá hina um-
ræddu leigu frá 13. febrúar til 14. maí
næstkomandi, sem eru 7 krónur um
mánuðinn eða samtals 21 króna.

Og þar sem að margnefndur Bjarni
Þórðarson hefur en nokkuð af bú-
-slóð sinni í leiguherbergjum mínum,
þá lítur út fyrir að hann ætli að nota
plássið hinn umrædda leigutíma.

Virðingarfyllst
Páll Árnason.

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 23/5. 07. —

Jeg undirskrifuð leifi mjer auðmjúklegast að biðja hina hátt virtu fátækranefnd um að hjálpa mjer um kr 3.00 þrjár krónur á mánuði til húsaleigu. eftir 14 Mai Jeg hefi reint fyrir mjer þar sem mjer hefur komið til hugar en hvergi getað fengið ódýrara herbergi enn þetta. En fremur verð jeg að biðja mjer hjálpar með eitthvað til að lifa á því þeir litlu kraftar sem jeg hefi eru ekki svo miklir enn að jeg geti unnið nokkuð. en jeg vona að með guðshjálp geti jeg eitthvað haft ofanaf fyrir mjer þegar fram líða stundir og jeg fer að styrkjast

Vesturgötu 55 dags 7 Mai 1907
Málfríður Þorláksdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 23. maí 1907. samp.

Reykjavík 14. maí 1907.

№ 28.

Háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur!

Sökum þess að ég er svo farin að heilsu, að ég get ekki, eins og áður hefir verið, unnið fyrir mér, þá leyfi ég mér hér með að beiðast þess, að húsaleigan 3 - þrjár - krónur á mánuði verði borguð fyrir mig af bæjarfé frá þessum degi.

Með virðingu

Guðrún Magnúsdóttir
Grettisgötu 24.
nú á Hverfisgötu 22.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þrydur 11/4. 07. prestur. Sam. O. & J. Egil.
Fundin 23/4 07. —

Eins og kunnugt er andaðist maðurinn minn. Erlendur Þórðarson 14. f. m., eptir tveggja mánaða þjáningarfulla banalegu, en áður hafði hann um langan tíma verið lasinn, þó hann ynni af veikum kröptum. Þegar hann dó var heimili okkar örðuglega statt í efnalegu tilliti, því við vorum sárfátæk og eignalaus, og eptir hans löngu og kostnaðarsömu legu orðin mjög bjargarlítil, svo að nú er jeg orðin svo bjargþrota fyrir mig og börn mín, að jeg neyðist til í auðmýkt að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer nú þegar og framvegis hjálp af fátækrasjóði, til þess að jeg geti framdregið líf mitt og barna minna neyðarlítið. Jeg skal geta þess að jeg er fædd hjer í Reykjavík, og hefi mestallan aldur minn átt hjer heima. Maðurinn minn sálugi var fæddur og uppalinn á Álptanesi, og þar giptumst við, en síðastliðin samfleytt 14 ár höfum við búið og átt heima hjer í Reykjavík. Af börnum þeim, sem við áttum í hjónabandi okkar, eru á lífi 3 drengir, einn á 15. ári, sem var fermdur í vor er leið, annar 13 ára, og hinn þriðji 4 ára, og svo er jeg nú ólétt að hinu 4. barni okkar.

NB Auk bjargarskorts míns skulda jeg húsaleigu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyri yfirstandandi krossmessu ár, en ef sú skuld
væri borguð, hefi jeg loforð fengið um að mega vera þar
framvegis næsta ár. Jeg get nú sjálf, því miður, ekki
borgað húsaleigu fyri mig, og því hlýt jeg einnig í þessu
efni að biðja hjálpar af fátækrasjóði. Jeg dirfist
auðmjúklega að óska þess og vænta, að hin háttvirta
fátækrastjórn hjálpi mjer bæði fljótt og vel, eptir því
sem föng eru á í mínum örðugu kringumstæðum.

Lindargötu 7 í Reykjavík 9. april 1907.

Auðmjúklegast.

Guðfinna Gísladóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til ath. fundar 23/5. 07.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. dag maí mán. 1907.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefur í dag tilkynnt mjer að hreppsnefndirnar í Grímsneshreppi og Laugardalshreppi (hinum forna Grímsneshreppi) hafi nú viðurkennt að þurfalingurinn Katrín Þorleifsdóttir sje sveitlæg í nefndum hreppum.
Það leyfi jeg mjer hjermeð að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd..

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/5.'17. – Samp. –

Hérmeð leyfi eg mér undirritaður að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur, að hún taki til greina beiðni Þorkells heitins Olafssonar múrara hér, um að hún greiði mér húsaleigu fyrir hann, fyrir mánuðina Júlí, Ágúst og September ár 1906 samkvæmt meðlögðum reikningi að upphæð 21 króna. Með því að langvarandi veikindi og fátækt hins látna bögðu honum frá að geta af eiginkröftum greitt skuld þessa og hann sjálfur hefir leitað styrks til hinnar heiðruðu fátækranefndar um greiðslu á skuld þessari, vona eg að nefndin neiti ekki þessum réttmætu tilmælum mínum.

Reykjavík 8. Maí 1907
Baldur Benediktsson

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. dag maí mán. 1907.

Með heiðruðu brjefi yðar herra fátækranefndarformaður, dags. 24. þ.m. hef jeg meðtekið 5 kr., sem er borgun upp í meðgjöf frá Helgu Magnúsdóttir með barni hennar og Jóhannes Proppé og viðist hjermeð viðurkenning fyrir. –

Halldór Daníelsson.

Til

Formanns fátækranefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. dag apríl mán. 1907.

Med heidrudu brjefi ydar fátækranefndar-formadur dags. 5. þ.m. hef jeg medtekid 5 kr. frá Helgu Magnúsdóttir uppí barns-medlag frá Johannesi Proppé og veitist hjermed vidurkenning fyrir greidslunni.-

Halldór Daníelsson

Til

Formanns fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**B.**

# Upplýsingar

**um sjúklinginn**

---

**til leiðbeiningar geðveikrahælinu á Kleppi.**

(Læknir útfylli eyðublöðin og sendi geðveikrahælinu í lokuðu brjefi með eigin undirskrift).

---

Skýrsla þessi er ætluð geðveikralækninum einum.

---

I. a. Fult nafn sjúklingsins.

b. Aldur hans (fæðingarár og dagur).

c. Hvar er hann fæddur?

d. Heimili?

e. Foreldrar?

f. Staða?

g. Kvongaður eða gift?

h. Hverjum (hverri)? Hve lengi?

i. Hve mörg börn, lifandi og dáin?

II. Stutt æfiágrip sjúklingsins.

III. a. Voru foreldrar sjúklingsins skyldir og hvernig?

b. Hver *skyldmenni* hans hafa verið geðveik?

c. Þunglynd, vanstilt eða undarleg?

d. Flogaveik?

e. Haft aðra heila- eða taugasjúkdóma?

f. Haft sand í þvagi, eða steinsótt, eða þvagsýruþrautir (Uratisk Diatese)?

g. Berklaveiki?

h. Verið drykkfeld?

i. Ráðið sjer bana?

í. Eru glæpamenn í ættinni?

j. Eru börn sjúklingsins að nokkru leyti ankanaleg?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. a. Hvernig gekk andlegur og líkamlegur þroski sjúklingsins á æskuárum?

b. Hefur hann notið kenslu í skóla eða í heimahúsum? Fengið gott uppeldi?

c. Er hann fermdur og á hvaða aldri?

d. Hefur hann verið heilsulítill í æsku? Hvaða sjúkleiki?

e. Hafði hann nokkurn sjúkdóm rjett áður en hann tók geðveikina? Hvaða sjúkdóm?

V. Lundarfar og gáfur?

Hefur hann nokkrar sjerstakar tilhneigingar eða hœfileika?

Trúarlíf hans?

VI. Vöxtur og holdafar?

Gekk getnaðarþroskinn eðlilega?

Er eða hefur hann verið flogaveikur eða þjáðst af öðrum heilasjúkdómi, eða taugaveiklun, eða fransós, eða öðrum þungum sjúkdómum?

VII. (Um konur). Hvenær hafði sjúklingurinn fyrst tiðir? Hafa þær verið reglulegar? Hvenær seinast? Hvernig hefur sjúklingnum liðið um meðgöngutímann og hvernig hafa fæðingar gengið?

VIII. Hvað halda menn að hafi valdið sjúkdómnum?

Er sjúklingurinn drykkfeldur?

Hefur hann meitt sig á höfðinu eða haft mikla blóðsókn til höfuðsins?

IX. a. Hefur hann nokkurn tíma verið með fullu viti?

b. Hefur hann verið geðveikur áður? Hvenær? Hve oft?

c. Á hvern hátt?

d. Hefur hann virðst heilbrigður á milli?

X. Hvenær byrjaði núverandi sjúkdómur hans?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Hvernig lýsti veikin sjer, í fyrstu og síðar?

(Nákvæm lýsing á núverandi sjúkdóm bæði að því er snertir líkamsheilsu og meðvitundarlíf).

Í skýrslunni skal geta þeirra sjúkdómseinkenna, sem læknirinn hefur sjálfur tekið eftir og ályktað af, að sjúklingurinn sje geðveikur).

XII. Er sjúklingurinn sem stendur æðisgenginn, ofstopafullur, hnugginn, kvíðafullur, eða sljór?

Er hann óður eða illur viðfangs?

Leitast hann við að meiða sjálfan sig?

Er hann óþrifinn með saur og þvag?

Hefur hann aðra ósiði?

Veit sjúklingurinn hver hann er? Þekkir hann menn og hlutina umhverfis sig?

XIII. Hefur hann nokkurn næman sjúkdóm?

Er nokkur sóttnæm veiki í núverandi dvalarstað sjúklingsins eða í nágrenni við hann?

XIV. Hefur hann nokkra þá veiki. er vænta má að valdi dauða hans innan skamms?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XV. Hvernig er holdafar hans og heilsa yfirleitt ?

XVI. Hefur læknis verið leitað og með hverjum árangri ?

XVII. Hvar hefur hann dvalið meðan hann var veikur og hvar er hann nú ?

hinn mánaðar 19

---

læknir.

Þessa skýrslu skal læknir láta í lokaða umbúð og rita á til geðveikralæknisins á Kleppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A.

Samkvæmt nákvæmri rannsókn minni þ. .................................. mánaðar á geðsmunum .............................................................................................................................

úrskurða eg að hann (hún) er geðveik(ur) og þarfnast hjúkrunar í geðveikrahælinu,

Heilsa hans (hennar) er ekki að neinu leyti því til fyrirstöðu, að hann (hún) verði send í geðveikrahælið á Kleppi hjá Reykjavík.

.................................dag ....................mánaðar 19

..............................................................

læknir.

Búslaður læknis ..............................................................

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með vottast, samkvæmt dagbókum 4. og 5. bekkjar barnaskólans, að börn Guðmundar trésmiðs Péturssonar: Kristín og Pétur, hafa ekki notið kenslu á þessu skóla-ári nema frá 1. okt. til 17. nóv. þ. á. – Bæði börnin lögðust í taugaveiki: Kristín andaðist 7. des og Pétur verður ekki fær um að ganga í skóla það sem eftir er skóla-ársins.

Barnaskóla Reykjavíkur 3/4 1907
Morten Hansen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 12. d. jan. 1907

fundur 24/1. 07.
Dav. Jóh. –

fundur 14/2. 07.
15/2. 07. Sv. bæjarfógeta.
– . –

Fátækranefndinni mun það sennilega kunnugt, að óskilgetinn sonur Oddrúnar Sigurðardóttur frá Hólakoti, Ragnar að nafni, 12 ára gamall, sem fátækrastjórninni hjer var sendur til ráðstöfunar frá Eskifirði fyrir 2-3 árum, hefur í vetur orðið uppvís að sauðaþjófnaði. Samkvæmt fyrirmælum hegningarlaganna hef jeg beiðst úrskurðar stjórnarráðsins um það, hvort höfða skuli mál gegn drengnum fyrir þetta brot hans, eða leita annara ráða til að koma honum á rjetta leið og bæta siðferði hans, og hefur stjórnarráðið í brjefi dags. í gær tjáð mjer svofelldan úrskurð sinn:

„Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari aðgjörða og framkvæmda, að stjórnarráðið fellst á að umræddum dreng sje sleppt við hegningu, gegn því að hann sje

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekinn alveg frá móður sinni, honum komið á gott heimili í sveit, þar er trygging er fyrir, að hann sje undir hæfilegum aga, og hann látinn vera þar að minnsta kosti þangað til hann er fullra 16 ára".

Með því að móðir Ragnars er þurfamaður bæjarins og hún því ekki er fær um, og henni er eigi heldur trúandi fyrir því, að útvega drengnum slíkan samastað, er hann þarfnast, verð jeg að mælast til þess, að hin heiðraða fátækranefnd gjöri sem allra fyrst gangskör að því, að drengnum verði komið fyrir til dvalar, til 16 ára aldurs, að minnsta kosti á góðu heimili í sveit, þar sem hann sje undir hæfilegum aga.

Skýrslu um aðgjörðir nefndarinnar í þessu máli vænti jeg að fá, þegar þar að kemur. —

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 27/6. 07. –
Sér. Ingib. 2/7. 07.

Vestmannaeyjum, 22. júní 1907.

Háttvirti herra háyfirdómari Kristján Jónsson

Reykjavík.

Ingi Jón, sonur þeirra Þorkels sál. Ólafssonar og Jóhönnu Sigríðar Guðmundsdóttur frá Bjarnaborg í Reykjavík, hefir dvalið hjá mjer síðan hann var 17 vikna og er nú rúml. 4 ára gamall; en þar jeg er nú orðin ekkja, á enga afkomu frá neinni hlið eða nokkurt hús, farin að lasnast að líkamskröptum svo, að jeg tæplega get unnið mjer brauð, treysti jeg mjer ekki til að halda dreng þennan án meðlags frá hans framfærsluhreppi, sem er Reykjavíkurbær. Það er nú langt liðið á ár síðan að jeg varð ekkja og óska jeg, háttvirti herra yfirdómari, að þjer talið máli mínu við bæjarstjórn Reykjavíkur þannig, að mjer verði veitt fullt meðlag með nefndum dreng frá því að jeg varð ekkja og til hausts til að byrja með, sem þá reiknast 1 ár. Meðlagsupphæð gjöri jeg mig ánægða með eptir því sem þjer ákveðið, en geta skal jeg þess, að jeg óska eptir að mega að hafa dreng þennan hjá mjer framvegis mjer til dægra og harmaljettis í mínum ekkjuástandi.

Virðingarfyllst

Ingibjörg Sveinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Junda 27/6. '07.

Heiðraða Fátækranefnd

með því Elín Guðmundsdóttir ekkja Jóhannesar Meilins sem drukknaði fyrir sunnan næst liðna vetrar vertíð flutti í hús mitt 14. Maí næstliðinn og var búin að taka það til fyrsta Oktober næst komandi enn er nú flutt aftur úr því af þeim ástæðum að húsplássið þótti dýrt nú ætlaði ég að slaka til og láta plássið á 7 Kr sjö krónur enn þá var hún búin að taka pláss fyrir 7 Kr annarstaðar nú verður húsið að standa autt

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leigi fyrir mig þar eg
var svo óheppinn að maður
inn sem eg leigði það ó fór
strauk til útlanda og átti
eg hjá honum 90.kr níutíu krónur
og fæ ekki einn eyri af því
þá vil eg mælast til við hina
heiðruðu Fátækra nefnd fyrst
að eg fái út borgað fyrir það
sem hún var í húsinu annað
að eg fái hjálp af húsaleig
unni borgaðunn til hausts frá
þessum tíma fáist það ekki
finst mér eg ekki fara neitt
haust í þó eg biðji um fulla borgun
~~fyrir~~ frá 14 maí til júní
mánaðar loka því eg má ekki
við svona peninga tapi hvað

eftir annað eg treisti hinni
heiðruðu Fátækra nefnd til þess
besta í þessu efni

Reykjavík 25. 6. 1907

Virðingar fylst

Guðmundur Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 27/6. 07.

Eg undirskrifuð Rannveig Guttormsdóttir, á Vitastíg nr. 12, leyfi mér hérmeð að frambera þá ósk mína til hinnar háttvirtu fátækranefndar Reykjavíkur, að henni mætti þóknast að veita mér, fyrir þetta yfirstandandi ár, hálfa meðgjöf, 40 krónur, með drengnum Sigurði Vilberg Sigurðssyni, sem hjá mér hefur verið í mörg ár.

Þess skal getið, að þótt hann í þessu vori væri kristnaður, þá er hann ennþá mjög svo smár vexti og lítt þroskaður til vinnu, einsog eðlilegt er, jafn heilsulaus og veiklaður, sem hann var í æsku og að ýmsu leiti er enn.

Þar að auki finnst mér öll sanngirni mæla með því, að þessum tilmælum mínum sé fullnægt, þar sem eg hefi haft dreng þenna fyrir svo afarlága meðgjöf, aðeins 80 krónur, um árið, frá því hann var smábarn, ávalt heilsu=laus aumingi.

Svar um úrslit þessara málaleitunar óska eg að fá sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

Reykjavík 24. Júní 1907

Rannveig Guttormsdóttir

Til

fátækranefndar

Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 27/6. 07.

Vegna þess að heilsufar mitt er af brjóstþyngslum og kviðsliti — allt af aumara og aumara og kraptar mínir síþverrandi, svo jeg alls ekkert get gert til studnings lífsframfæri mínu, get jeg ekki komizt af með styrk þann, sem jeg hingaðtil hefi fengið af fátækrasjóði, og dirfist því í auðmýkt að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer framvegis frá byrjun þessa mánaðar 4 krónur af fátækrasjóði í viðbót við þann styrk, sem jeg mánaðarlega hefi fengið hingaðtil af fátækrasjóðnum.

Laugavegi 42 í Reykjavík 11. júní 1907.

Auðmjúklegast.

Samson Ingimundarson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greitt 27/6. '07 - Sigurð

Reikningur til fátækra nefndarinnar, Reykjavík

| | Kr | a |
|---|---|---|
| Fyrir skemtir, tímgin og fleira vegna Þorleifs Sigurðssonar geðveika. Reik Kr. 35 — | 35 | 00 |
| samkvæmt samning. Kr | 35 | 00 |

Eyvindarstöðum 12 júní 1907.

Árni Thorlacius.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/5. 07. Reykjav. S.Ó.J.

fundur 27/6. 07. —

---

Jeg vil hjermeð vekja athygli fátækranefndarinnar í Reykjavík á því, að hún verður sem fyrst, að ráðstafa ómaganum Ingunni Sigvaldadóttur, er hjá mjer hefur dvalið undanfarandi; þar sem það er nú afráðið, að jeg flytji búferlum hjeðan úr bænum, á yfirstandandi vori. —

Virðingarfyllst

Reykjavík Laugav. 48. 22 maí 1907

Ingvar Nikulásson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá formanni fátækranefndar Reykjavíkur hef jeg ídag meðtekið

1. Uppí sveitarskuld Pjeturs Þórðarsonar Grettisgötu 35 Kr. 10.00
2. Uppí meðlag með óskilgetnu barni Helgu Magnúsdóttur af Johannesar Proppé frá móðurinni " 5.00

Samtals Kr. 15.00

er hjermeð kvittast fyrir.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 17. júní 1907.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Géðveikrahælið á Kleppi

hinn 25. maí mánaðar 1907

---

**Samkvæmt** beiðni fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

tilkynnist hér með, að sjúklingunum ~~sjúklingnum~~ 1) Þorsteini Sigurðssyni, 2) Þórði Magnússyni, 3) Jóni ~~Þórðar~~ Þórðarsyni, 4) Ragnhildi Hjálmarsdóttur, 5) Guðbjarti Sigurðssyni

verður veitt viðtaka í géðveikrahælið frá 28. maí mán. 1907

Að öðru leyti skírskotast til auglýsingarinnar viðvíkjaudi inntöku á hælið.

(NB: Jóhanna Guðmundsdóttir, 68 ára.)

Þórður Sveinsson.
læknir.

NB: 15/6. 07. sótt um inntöku á hælið (sem No. 6) frá Jóhönnu Jóhannsdóttur (ekkju Árnasonar) í Bjarnaborg. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Auglýsing

um

# geðveikrahælið á Kleppi.

Geðveikrahæli það, sem lög nr. 33 frá 20. oktbr. 1905 kveða á um, að komið skuli upp í nánd við Reykjavík, og verið er að byggja á Kleppi, verður tekið til afnota á næstkomandi vori eða sumri. Nánara um það verður birt síðar.

Þegar til kemur, verða geðveikir menn hjerlendir teknir til lækninga og hjúkrunar á hælinu með þeim skilyrðum, sem hjer segir á eptir.

Undanteknir eru þó:

a. Fábjánar, þ. e. menn, er vitskertir hafa verið frá fæðingu;

b. Geðveikir menn, sem eru svo að fram komnir af öðrum sjúkdómum, að auðsætt er, að þeir eigi ekki langt eftir ólifað.

Meðgjöf með hverjum geðveikum manni á hælinu er 50 a. á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag, og greiðist fyrirfram fyrir hvert missiri.

Umsóknir um inntöku á hælið skulu vera skriflegar, stýlaðar til yfirstjórnar hælisins, og sendast fyrst um sinn meðundirskrifuðum landlækni G. Björnssyni. Umsóknirnar skulu undirskrifaðar af viðkomandi sveitarstjórn, ef um þurfamenn er að ræða, annars af nánasta vandamanni eða fjárhaldsmanni geðveiklingsins. Með umsókn hverri skulu fylgja þessi skilríki:

a. Vottorð og skýrsla læknis um sjúkdóminn eftir fyrirmyndum (A. og B.), sem yfirstjórn hælisins hefur samið, og send verða sveitarstjórnum og hjeraðslæknum.

b. Trygging, sem yfirstjórn spitalans tekur gilda, fyrir greiðslu á meðgjöf með sjúklingum (eyðublað C.).

Sjúklingarnir skulu hafa hreinan og nýjan alfatnað, er þeir koma til hælisins, og auk þess tvenn ný nærföt, ferna sokka. Ef eitthvað vantar í fatnað geðveiklingsins, þegar hann kemur, eða áliti læknir hælisins eitthvað af fatnaðinum miður nýtilegt, þá ber að útvega það sem á vantar, á kostnað umsækjanda.

*Engan má senda á hælið fyr en fengið er leyfi yfirstjórnarinnar til inntökunnar,* og verður í leyfinu tilgreint, hvenær sjúklingurinn má koma.

**Yfirstjórn geðveikrahælisins.**

**Reykjavík 24. jan. 1907.**

*G. Björnsson.* *Jón Magnússon.*

Prentsmiðjan Gutenberg — 1907.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

C.

Undirritaður(ir)

skuldbindur(a) sig (annar fyrir báða og báðir fyrir annan) til þess að borga veru-kostnað sjúklingsins

---

í sjúkrahælinu á Kleppi frá þeim degi, er hælið tekur á móti honum og þangað til hann fer.

Borgunin er 1 króna (50 aurar) á dag, eða 365 kr. (182, 50) um árið, er greiðist fyrirfram fyrir hvert misseri, hælinu að kostnaðarlausu.

Skuldbinding þessari má segja upp með missiris fyrirvara.

..........................................dag....................mánaðar 19.........

(Nöfn og heimili)

Vitundarvottar:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur